

## Minnisblað

---

Viðtakandi: **Menntamálaráðuneytið, Eiríkur Stephensen**

Dagsetning: **27.09.2018**

Höfundur: **Hrafnhildur Valdimarsdóttir og Kristín S. Vogfjörð, Veðurstofu Íslands**

Efni: Hagsmunir Veðurstofu Íslands vegna frumvarps til laga um evrópska rannsóknarinnviði

---

Frá árinu 2010 hefur Veðurstofa Íslands unnið að því ásamt öðrum eftirlits- og rannsóknarstofnunum í 26 Evrópulöndum að koma á fót samtökum um rannsóknarinnviði í jarðvísindum EPOS-ERIC. Verkefnið hefur verið styrkt af rammaáætlun Evrópusambandsins um alls 22,5 milljónir Evra. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur tekið þátt í undirbúningi verkefnisins með þátttöku í Board of Government Representatives, og ritað tvívegis undir viljayfirlýsingar, 2008 og 2013 um stuðning við verkefnið og áhuga á að Ísland verði þátttakandi í EPOS-ERIC samtökunum. Þá hefur ráðuneytið óskað eftir áheyrnaraðild að samtökunum en slík aðild veitir ekki atkvæðisrétt og því getur Ísland ekki komið að ákvarðanatöku innan samtakanna.

Tilgangurinn með EPOS er í stuttu máli að styrkja jarðvísindarannsóknir í Evrópu með því að byggja upp samevrópska rannsóknarinnviði í jarðvísindum til að auðvelda sérfræðingum og öðrum hagsmunaaðilum aðgengi að fjölþáttamæligögnum, afurðum, þjónustum, rannsóknarstofum og reiknisetrum á sviði jarðvísinda sem fram til þessa hafa ekki verið aðgengileg með einföldum hætti. Þar með skapast nýir möguleikar á þverfaglegum vísindalegum rannsóknum sem taka til mismunandi sviða, þ.m.t. hættu á jarðskjálftum og eldgosum.

Veðurstofan, Háskóli Íslands og Landmælingar Íslands hafa lagt til jarðvísindalega innviði og Veðurstofan hefur unnið að því að gera þá aðgengilega innan EPOS á þremur fagsviðum: eldfjallaathugunum og -eftirliti, nær-sprungurannsóknum og GPS athugunum, en þau skipta öll miklu við vöktun og rannsóknir á náttúruvá. Þannig hafa íslenskar stofnanir fengið styrk í gegnum rannsóknaráætlun Evrópusambandsins til að framleiða þjónustur sem gera jarðvísindagögn öllum aðgengileg og jafnframt til að leiðrétta og aðlaga gögn sem ekki hefur áður verið svigrúm til að gera. Með tímanum er gert ráð fyrir að gögn frá fleiri íslenskum rannsóknarstofnunum verði gerð aðgengileg hjá EPOS ERIC.

Það sem er ekki síður mikilvægt við þátttöku í EPOS verkefninu, er sú staðreynd að það hefur lagt grunn að árangri íslenskra vísindarannsókna í samstarfi og styrkumsóknum. EPOS hefur haft mikil áhrif á rannsóknarköll í bæði 7. rammaáætlun og Horizon 2020. Sem dæmi má nefna evrópska rannsóknarverkefnið FUTURVOLC sem leitt var af Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofunni og styrkt um 6 milljónir evra sem allar fóru í rannsóknir og uppbyggingu rannsóknarinnviða á Íslandi. Mælitækin sem sett voru upp vegna þessa skiptu sköpun við vöktun og rannsóknir á eldgosinu í Holuhrauni, sem og stóra Skaftárhlaupinu 2015. Þá má nefna evrópusamstarfsverkefni í eldfjallafræði, EUROVOLC sem leitt er af Veðurstofunni og styrkt um 5 milljónir evra. Þar veita Veðurstofan og Háskóli Íslands sem dæmi aðgang að rannsóknarinnviðum til umsækjenda sem hyggjast stunda rannsóknir á íslenskum eldfjöllum.

Nú stendur yfir samningsferli vegna fleiri veglegra rannsóknarstyrkja sem beint má rekja til samstarfsnets sem EPOS hefur skapað.

Snemma í verkefninu var ljóst að við stofnun samtakanna yrði notast við lagaramma EB um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC, European research infrastructure consortium, Reglugerð (EB) nr. 723/2009 frá 25. júní 2009) og er umsókn þess efnis að EPOS ERIC verði samþykkt sem evrópsk innviðasamtök sem lúta ERIC reglugerðinni nú til afgreiðslu hjá framkvæmdastjórn ESB og verða samtökin formlega stofnsett þann 7. nóvember nk.

Veðurstofan hefur í þessari vinnu lagt áherslu á að stofnunin geti fyrir hönd Íslands verið fullgildur aðili að samtökunum en aðild er ekki möguleg nema heimild sé fyrir því í lögum. Fyrir aðild Íslands eru auk framangreinds að mati stofnunarinnar ríkar ástæður.

Þar ber fyrst að nefna að miklar líkur eru á því að vegna stærðar og skipulags samtakanna verði þau einn mikilvægasti samráðsvettvangur fagsviða í jarðvísindum í Evrópu og þ.a.l. um vöktun náttúruvár í Evrópu. Þá er jafnframt ljóst að EPOS ERIC mun stuðla að og styðja við samhæfingu og framþróun þeirra faghópa sem skilgreindir hafa verið undir samtökunum og þar gegnir Ísland mikilvægu hlutverki, sér í lagi vegna eldfjallafræði og eldfjallagagna, sem og jarðskjálftafræði og jarðskjálftagagna. Einnig er ljóst að miklar líkur eru á því að stefnumarkandi ákvarðanir verði teknar af stjórn samtakanna og að samtökin verði miklir áhrifavaldar á stór rannsóknarköll á fagsviðinu. ERIC samtök geta verið sjálfstæðir umsóknaraðilar í rannsóknarstyrki ESB og það er einkar mikilvægt fyrir íslenskar jarðvísindarannsóknir að þar hafi íslenskar stofnanir talsmann og tengilið því hart er barist um fjármagn til vísindarannsókna á þessum vettvangi. Vert er að leggja áherslu á að rannsóknarinnviðir sem hafa verið greiddir með styrkjum úr rannsóknarverkefnum eru sem dæmi ýmis mælitæki sem notuð eru við vöktun á náttúruvá á Íslandi, sem engin leið er að fjármagna með öðrum hætti. Þá er það einnig mikilvægt fyrir almannahag að auðvelda rannsóknir á Íslandi með því að gera jarðvísindagögn aðgengileg.

Ef reglugerð um evrópska rannsóknarinnviði verður ekki innleidd í íslenska löggjöf kemur það í veg fyrir að Ísland geti orðið fullgildur aðili að ERIC samtökum. Í tilviki EPOS-ERIC samtakanna kemur það í veg fyrir að Ísland geti haft mótandi áhrif á stefnumörkun og áherslur í uppbyggingu EPOS-ERIC í framtíðinni. Það kann að leiða til þess að áherslur muni liggja á öðrum sviðum en þeim sem gagnast Íslandi best við vöktun náttúruvár og jarðvísindarannsóknir. Jafnframt kann það að takmarka verulega möguleika íslenskra rannsóknarstofnana að Evrópusambandsstyrkjum á þessum fagsviðum.